

Ed.

853. Frumvarp til laga

um veltuskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Einstaklingar og félög, sem hafa með höndum skattskyldan atvinnurekstur, skulu greiða skatt í rikissjóð af veltu ársins 1945 eftir reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Velta merkir í lögum þessum heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, án frádráttar nokkurs kostnaðar, þar með talið andvirði vöru seldrar í umboðssölu að tilboðasöfnun meðtalinni, úttekt eigenda og skipti gegn vöru eða þjónustu. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa, krafna eða annarra slíkra verðmæta og iðgjaldtekjur váttryggingafélaga teljast þó ekki velta í þessu sambandi og ekki heldur sala eigin vinnu. Til veltu telst hins vegar andvirði vinnu, sem seld er með álagningu (smíði, viðgerðir o. þ. h.), andvirði vinnu, sem gjaldandi hefur umsjón með gegn álagningu (málun, raflögn, trésmíði o. þ. h.), greiðslur til verk-taka, flutningsgjöld og afgreiðslugjöld, heildartekjur prentsmiðja, bókaútfenda, þvottahúsa, fatapressana, rakara- og hárgreiðslustofa og þess háttar fyrirtækja, sala klæðskeraverkstæða og saumastofa, sala matsölu- og veitinga- og gistihúsa, aðgangs-eyrir að skemmtunum, sem skemmtanaskattur er greiddur af, og yfirleitt heildar-tekjur þeirra fyrirtækja, sem selja vöru, efni, vinnu eða aðra þjónustu með álagningu.

3. gr.

Skattur sá, sem um ræðir í 1. gr., skal nema sem hér segir:

1. af heildsölu- og umboðssölu $1\frac{1}{2}\%$, þó aldrei yfir 25% af fengnum umboðs-launum;
2. af smásöluveltu 1%;
3. af veltu iðju- og iðnfyrirtækja sem og allra annarra fyrirtækja, sem hafa gjald-skylda veltu samkvæmt 2. gr., 1%.

Eigi skal þó greiða skatt af veltu þeirri, sem hér segir:

1. a. andvirði vöru, sem seld er úr landi;
b. andvirði mjólkur og mjólkurafurða, kjöts, nýs, frosins, reyktis og saltaðs, fisks, nýs, frosins og saltaðs, að sild meðtalinni, þegar vörur þessar eru seldar af framleiðanda þeirra eða í heildsölu;
2. veltu þeirra, sem eru ekki bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald, nr. 60 11. júní 1938.

4. gr.

Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt lögum þessum, skulu innan tveggja vikna eftir lok hvers ársfjórðungs senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um veltu sína á undangengnum ársfjórðungi. Skulu hinir síðarnefndu ákveða gjaldið innan tveggja vikna og það síðan greiðast tollstjóranum í Reykjavík eða sýslumönnum og bæjarfógetum utan Reykjavíkur fyrsta dag næsta mánaðar. Hafi skatturinn eigi verið greiddur innan eins mánaðar frá gjalddaga, reiknast af honum dráttarvextir, $\frac{1}{2}\%$ á mánuði, og telst hver byrjaður mánuður sem heill.

5. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á veltuframtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um veltu sína á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla veltu gjaldandans og ákveða gjaldið eftir því. Komi í ljós, að veltuskatturinn hafi verið ákveðinn á röngum forsendum, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að breyta fyrri ákvörðun sinni. Telji gjaldþegn gjald það, sem honum er gert að greiða, ranglega ákveðið, hefur hann rétt til að áfrýja þeirri ákvörðun til yfirsattanefndar og ríkisskattanefndar.

6. gr.

Ef skattstjóri eða skattanefnd telur það nauðsynlegt til að geta áætlað veltu gjaldanda eða til skýringar á framtali hans, skal þeim heimill aðgangur að skýrslum þeim um þessi efni, sem viðskiptaráð og verðlagsstjóri hafa undir höndum.

7. gr.

Veltuskatt þann, sem um ræðir í lögum þessum, er óheimilt að telja í kostnaðarverði vöru eða taka á annan hátt tillit til hans við verðákvörðun.

8. gr.

Samvinnufélögum og samvinnusamböndum er ekki skylt að leggja í varasjóð gjald af viðskiptaveltu sinni á árinu 1945, sbr. lög um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937.

9. gr.

Skattur þessi er ekki frádráttarbær við ákvörðun skatta á tekjur.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að vissir flokkar gjaldanda auk þeirra, sem áður voru nefndir, skuli undanþegnir veltuskatti, ef álagning hans er talin sérstökum erfiðleikum bundin. Í reglugerð skal og ákveða um meðferð kærna og kærufrest.

11. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn lögum þessum fer að lögum um tekju- og eignar-skatt, nr. 9 6. jan. 1935.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Meiri hluti fjárhagsnefndar (HG, KA, LjÓh og MJ) flytur frumvarp þetta að til-mælum fjármálaráðherra, en nefndarmenn eru óbundnir um frumvarpið. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir.

„Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er eitt þeirra skattafrumvarpa, sem ríkis-stjórnin hefur talið nauðsynlegt að leggja fram.

Það er alkunna, að þeir, sem stundað hafa verzlun og viðskipti hvers konar á síðustu árum, hafa búið við góða afkomu. Þess vegna hefur þótt hlýða, að þeir bæru að sínum hluta þá hækkun á sköttum, sem nú er óhjákvæmileg, og miðar frumvarp þetta að því.

Gjaldskyldir samkvæmt frv. eru yfirleitt þeir, sem selja vöru, efni, vinnu eða aðra þjónustu með álagningu, og hefur skatturinn verið miðaður við veltu þeirra. Þó hefur þótt rétt að undanskilja þessum skatti þá vöru, sem seld er úr landi, og enn fremur ýmsar innlendar afurðir, svo sem mjólk og mjólkurafurðir, kjöt og fisk, þegar framleiðendur selja þessar vörur eða þær eru seldar í heildsölu. Þá hefur og ekki þótt framkvæmanlegt að innheimta skattinn hjá þeim, sem ekki eru bókhaldsskyldir.

Ekki hefur verið hægt að afla nákvæmra skýrslna um það, hversu miklar tekjur skattur þessi muni færa ríkissjóði, en lauslegar athuganir benda til þess, að þær muni nema ca. 9—10 millj. króna.“